

## VIII. KAFLI

## Um endurskoðendur.

38. gr.

Bæjarstjórn kys tvo endurskoðendur til eins árs í senn og tvo til vara til þess að endurskoða reikninga bæjarins og fyrirtækja hans.

Bæjarfulltrúar eru ekki kjörgengir til þessara starfa.

Um framkvæmd endurskoðunar fer eftir ákvæðum d-liðs III. kafla laga nr. 58/1961.

Lokið skal endurskoðun ekki síðar en 30. júní ár hvert.

Endurskoðendur eiga rétt á þóknun fyrir starf sitt eftir ákvörðun bæjarráðs.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Sauðárkrókskaupstað nr. 54 11. marz 1950 og fundarskóp bæjarstjórnar Sauðárkróks frá 10. janúar 1950.

*Félagsmálaráðuneytið, 3. apríl 1963.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsón.

---

*Hallgrímur Dalberg.*

## AUGLÝSING

## um framlagningu kjörskráa við alþingiskosningar 9. júní næstkomandi.

Samkvæmt heimild í 2. málsg. 19. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis, er hér með ákveðið, að niður skuli falla frestur sá, sem þar er settur, til að auglýsa, hvar kjörskrá við alþingiskosningar þær, sem fram eiga að fara 9. júní n. k., verði lagðar fram.

Samkvæmt 1. málsg. 19. gr. kosningalaganna skulu sveitarstjórnir hafa lagt kjörskrá fram eigi síðar en 9. apríl n. k.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 6. apríl 1963.*

Bjarni Benediktsson.

---

*Baldur Möller.*